

Fyrsti boðaði fundur stjórnar Hundaræktarfélags Íslands
Haldinn 21. júní 2021 kl. 17:00 á skrifstofu félagsins, Síðumúla 15

Mættir: Daníel Örn Hinriksson, Auður Sif Sigurgeirsdóttir, Helga Kolbeinsdóttir, Marianna Gunnarsdóttir, Anna Guðjónsdóttir, Guðbjörg Guðmundsdóttir, Anna María Ingvarsdóttir og Guðný Ísaksen, framkvæmdastjóri.

Stjórn skiptir með sér verkum

Formaður er Daníel Örn Hinriksson, kosinn á aðalfundi félagsins 31. maí síðastliðinn.

Varaformaður: Auður Sif Sigurgeirsdóttir

Ritari: Helga Kolbeinsdóttir

Gjaldkeri: Marianna Gunnarsdóttir

Meðstjórnandi : Guðbjörg Guðmundsdóttir

Varamenn : Anna Guðjónsdóttir og Anna María Ingvarsdóttir

Skipan í fastanefndir

Fastanefndir félagsins eru: Sýningastjórn/sýninganefnd, ræktunar-og staðlanefnd, laganefnd, ritnefnd Sáms, vísindanefnd og skólanefnd.

Fastanefndir 2021-2022

Laganefnd;

Jónas Fr.Jónsson

Svanhildur Skúladóttir

Þorbjörg Ásta Leifsdóttir

Sýningastjórn;

Erna Sigríður Ómarsdóttir

Ágústa Pétursdóttir

Anna Guðjónsdóttir

Varamenn;

Sóley Halla Möller

Hilda Björk Friðriksdóttir

Vísindanefnd;

Erla Heiðrún Benediktsdóttir

Klara Símonardóttir

Silja Unnarsdóttir

Unnur Olga Ingvarsdóttir

Kristín Elíza Guðmundsdóttir

Ræktunar- og staðlanefnd
Klara Símonardóttir
Svana Runólfsdóttir
Guðbjörg Guðmundsdóttir
Anna María Ingvarsdóttir

Skólanefnd
Valgerður Júlíusdóttir, starfsmaður skólans
Anna Birna Björnsdóttir
Hér vantar einn fulltrúa skipaða af stjórn

Ritnefnd
Svava Björk Ásgeirsdóttir, ritstjóri
Sunna Jensdóttir
Kristjana Knudsen
Silja Unnarsdóttir

Fasteign félagsins

Skrifað var undir kautilboð á eign félagsins við Síðumúla í dag. Á aðalfundi félagsins sem haldinn var 31. maí síðastliðinn var tillaga stjórnar um að selja fasteignina samþykkt, en fyrir lá kautilboð upp á 56 milljónir. Fasteignin hefur verið á söluskrá í um tvö ár og var þetta fyrsta góða tilboðið sem hefur borist, tilboðið var borið undir sérfræðinga sem töldu það gott. Kaupandi greiddi 45 milljónir í dag, restin kemur í tveimur greiðslum, önnur við afhendingu 1. ágúst og hin 45 dögum síðar.

Þá var einnig skrifað undir leigusamning við Eik hf, nýjan eiganda húsnæðisins, sem er sanngjarn og uppsegjanlegur með 2ja vikna fyrirvara.

Nú mun stjórn halda áfram leit að hentugu húsnæði fyrir félagið sem betur hentar þörfum félagsins.

Stefnumótun

Stjórn ræddi húsnæðismál almennt, hvers konar húsnæði henti félaginu og hvort hægt sé að sækja styrki frá Sveitarfélögum. Fyrir liggur þarfagreining sem stjórn mun taka mið út frá við leit að nýju húsnæði.

Vilji stjórnar er að gera félagið sýnilegra með áframhaldandi fræðslu og frekara viðburðahaldi, bæði í net- og raunheimum.

Önnur mál

Mikinn fjöldi hunda á eftir að augnskoða en augnskoðunin mun fara fram að Sólheimakoti. Áður en augnskoðunin fer fram er nauðsynlegt að vegurinn að Sólheimakoti verði lagaður svo aðgengi sé greitt. Munum tala við Mosfellsbæ varðandi það.

Rætt um að stytta opnunartíma skrifstofunnar niður í þrjá daga tímabundið. Meirihluti stjórnar samþykkti að þetta yrði prófað í tilraunaskyni í óákveðinn tíma, enda mikill

ávinningur ef hægt væri að komast hjá því að auka launakostnað með því að fjölga starfsfólki á skrifstofu.

Deildarsýning Schnauzerdeildar

Beiðni barst frá schauzerdeild HRFÍ um að halda tvöfalda deildarsýningu í júlí. Að fengnu áliti sýningarstjórnar sendi framkvæmdastjóri athugasemdir til stjórnar deildarinnar.

Fundi slitið kl. 19:00

Næsti fundur boðaður mánudaginn 5. júlí kl 17:00